

Dagsetning: 21. Janúar 2026

Tími: kl 17:00

Staður: Skrifstofa BLÍ og Teams

Fundarstjóri: Grétar

Ritari: Katrín

Mætt: Grétar, Valgeir, Gunnar G, Elsa, Unnur, Lúlli M, Lúlli K, Emelía, Katrín

1. Verkefni Landsliða.

- U18 liðið sigraði í báðum flokkum kk og kvk og áunnu sér því beint sæti á EM 2026.
 - U18 kk: Ítalía 7.-18. júlí 2026.
 - U18 kvk: Lettland eða Litháen 31. júní – 12. júlí 2026.
- Rætt var um nálgun verkefnanna, m.a. Hvernig þjálfun skuli háttað, hvernig á að vinna í kring um félögin sem krakkarnir spila með. Afreksnefnd vinnur það áfram hvernig skipulagi í kring um þessi verkefni skal háttað.
- Setja þarf upp tekjumöguleika BLÍ og landsliða í fjáröflun vegna allra þeirra verkefna sem framundan eru.
- Farið verður í samantekt og útgreiðslu afreks- og ferðastyrkja ISI til einstaklinga vegna U-verkefna

2. Bikarkeppni

- Undirbúningur og framkvæmd bikarúrslitadaga sem fram fara í Digranesi dagana 12.-14. mars.
- HK tekur að sér sömu verkefni og á síðasta ári.
 - Niðursetning dúks, mönnun á línu, boltamál, sjoppa.

3. Ársþing 27. Mars n.k

- Vinna við að loka síðasta ári er í gangi og stefnt er að því að ljúka ársreikningi í byrjun mars
- Senda þarf út fundarboð - kjörbréf til félaga og héraða

4. Landsliðsbúningar

- Búið er að undirrita samning við Nine Squared sem mun þjónusta okkur næstu fjögur árin.

- Verið er að panta búningasýni í öllum stærðum og vonast er til að sending berist fljótlega
- Finna þarf bestu flutningsleiðirnar

5. **NEVZA tæknifundur**

- Ísland og Færeyjar halda utan um verkefni NEVZA verkefni næstu tvö árin .
- NEVZA tæknifundur verður haldinn á Íslandi dagana 13.-15. febrúar 2026.
- Þátttökulönd: Færeyjar, Ísland, Danmörk, England, Finnland, Grænland, Noregur og Svíþjóð.

6. **Önnur mál**

- Rætt var um áreiti á leikmenn meistaraflokks frá einstaklingum sem veðja á leiki.
 - Ákveðið að hafa samband við lögfræðing ÍSÍ varðandi viðbrögð við hótunum sem leikmenn fá í tengslum við leiki.
- Farið var yfir reglugerðir varðandi bikarmót
- Fyrirkomulag neðri deilda var rætt og hvort núverandi fyrirkomulag þurfi að ræða á ársþingi.
 - Stigasöfnun núllast út eftir að liðin hafa raðast í efri og neðri hluta.

Fundi slitið kl 19:10